



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 466

Bjarni Ólafsson

(1923 – 2011)

Kennari

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 466

Bjarni Ólafsson
(1923 – 2011)

Bjarni Ólafsson fæddist í Reykjavík 3. ágúst 1923. Foreldrar Bjarna voru þau Hallfríður Bjarnadóttir (1901-1973) húsfreyja frá Eskihlíð í Reykjavík og Ólafur Guðmundsson (1894-1976) frá Ægissíðu í Holtum, húsgagna- og húsasmíðameistari í Reykjavík. Bræður hans voru: Friðrik (1921-1942) kennari, Guðmundur Óli (1927-2007) prestur og Felix (1929-1948) prestur.

Bjarni kvæntist Hönnu Arnlaugsdóttur, fædd 29.júlí 1928, dáin 13. janúar 1984, röntgentækni og húsfreyju. Foreldrar hennar voru Guðrún Guðmundsdóttir (1884-1943) og Arnlaugur Ólafsson (1888-1971). Börn Hönnu og Bjarna eru: Gunnar (1949-) húsamíðameistari, Ólafur (1953) bifreiðasmiður og Hallfríður (1957) iðjupjálfari og kennari.

Bjarni tók sveinspróf í húsasmíði 1944 frá lðnskólanum í Reykjavík og handíðakennarapróf sama ár. Hann var kennari í Laugarnesskóla 1944-1970, námsstjóri í smíðum á vegum Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur og síðan lektor í handmennt við K.H.Í. 1976-1987. Hann kynnti sér nýjungar í smíðakennslu á Norðurlöndum og var brautryðjandi í handmenntum. Stofnaði heildverslun og flutti inn efni, meðal annars fyrir handmennt. Einnig stofnaði hann byggingarfyrirtækið „Stokkahús“, ásamt öðrum, sem flutti inn og framleiddi timburhús. Vann fyrir Þjóðminjasafnið 1959-1976 við ýmsar viðgerðir og ráðgjöf. Var eftirlitsmaður prestssetra og kirkna 1959-1960. Sat í skipulagsnefnd kirkjugarða 1964-1988. Var í sóknarnefnd og formaður Bræðrafélags Nessóknar 1976-1982. Bjarni tók mikinn þátt í starfi KFUM og KFUK. Hann var forstöðumaður KFUM í Laugarnesi frá 1943, brautryðjandi og forystumaður í drengja- og unglingastarfi félagsins. Söng í Blönduðum kór KFUM og KFUK. Sat í stjórn Skógarmanna nokkur ár. Teiknaði og hannaði kapellu í Vatnaskógi. Var sæmdur gullmerki Skógarmanna. Hann sá um byggingu íþróttahússins í Vindáshlíð ásamt margvíslegum framkvæmdum þar. Í mörg ár skrifaði Bjarni greinar í Morgunblaðið undir heitinu „Smíðjan“ sem fjölluðu aðallega um viðhald húsa og muna.

Bjarni lést á hjúkrunarheimilinu Grund þriðjudaginn 10. maí 2011.

Heimild: <http://sigurdurarni.annall.is/2011-05-22/bjarni-olafsson-%E2%80%93-minningarord/>

Gunnar Bjarnason, sonur Bjarna, afhenti skjalasafnið.

Tímabil: 1911-2007.

Innihald: Skjöl og gögn tengd handíðakennslu og handíð, kennslubækur, greinar sem birtust í Morgunblaðinu, ljósmyndir, filmur o.fl.

Einkunnabók nemenda í Laugarnesskóla, 1944-1953, var færð yfir í skjalasafn skólans.

Skjalaskrá

Bréfa- og málafn

Askja 1

Bréfa- og málafn 1985-2008.

Örk 1

Bréf til og frá Bjarna, þar á meðal bréfaskriftir vegna orðalista fyrir Ísafoldarprentsmiðju, 1985-2001.

Örk 2

Dagbókarfærslur og minnismiðar Bjarna, janúar 1991 til ágúst 1991.

Örk 3

Skrá yfir verk Bjarna, 1942-1987.

Örk 4

Minningargreinar og úrklippur úr *Morgunblaðinu*, 1985-2008.

Örk 5

Laugarnesskóli. Kennsluefni í hand- og myndmennt, án árs.

Örk 6

Blaðaúrklippur af greinum Bjarna, birtust í hluta *Morgunblaðsins* sem kallast *Smiðjan*, 1983,1990 og án árs.

Örk 7

Greinar eftir Bjarna, birtust að mestu í hluta *Morgunblaðsins* sem kallast *Smiðjan*, einnig bréf sem Bjarni sendir með og vegna greina, 1987,1988,1991 og án árs.

Askja 2

Bréfa- og málafn 1988-2007.

Örk 1

Greinar eftir Bjarna, skrifaðar frá Holstebro í Danmörku og birtar í *Morgunblaðinu*, einnig bréf sem Bjarni sendir með og vegna greina, 1988, 1989 og án árs.

Örk 2

Greinar eftir Bjarna, sem birtust að mestu í hluta Morgunblaðsins sem kallast *Smiðjan*, einnig myndir og bréf sem tengjast greinum, 1988, 1991 og án árs.

Örk 3

Greinar eftir Bjarna, sem birtust að mestu í hluta *Morgunblaðsins* sem kallast *Smiðjan*, einnig bréf sem tengjast greinum. 1992, 1993 og án árs.

Örk 4

Blaðaúrklippur af greinum Bjarna, birtust í hluta *Morgunblaðsins* sem kallast *Smiðjan*, 1983, 2007 og án árs.

Askja 3

Bréfa- og málafn 1988.

Örk 1

Umfjöllun Bjarna um listasýningu Þóru Sigurðardóttur sem haldin var í Árósum árið 1988.

Örk 2

Herskipið WASA, ýmsar upplýsingar.

Örk 3

Teikningar eftir Bjarna og úrklippur, birtust meðal annars með greinum hans í Morgunblaðinu, en einnig teikningar sem ekki hafa verið birtar, án árs.

Prentað mál

Askja 4

Prentað mál 1911-1935.

Jón Ófeigsson. *Lesarkasafn*, án árs.

Þorsteinn Gylfason. *Platon kynnir sér þingræði*, án árs.

Haraldur Níelsson o.fl. *Barnabiblía*, 1911.

Jón Jónsson. *Íslandssaga*, 1915.

P. Hansen-Sönderköge o.fl. *Barnagaman: Smásögur handa börnum*, 1916.

Páll Eggert Ólason o.fl. *Árbók Háskóla Íslands 1923-1924*, 1924.

Pétur G. Guðmundsson o.fl. *Kennslubók í sænsku*, 1928.

Gunnar M. Magnússon. *Brekkur: Lesbók fyrir börn*, 1931.

Ásgeir Blöndal. *Líkams- og heilsufræði*, 1932.

Guðni Jónsson. *Forníslensk lestrarbók*, 1933.

Arngrímur Kristjánsson o.fl. *Foreldrablaðið*, 1934.

Chr. Jensen. *Lærebog i fysik for mellemskolen*, 1935.

Askja 5

Prentað mál 1935-1952.

Benedikt Björnsson. *Þjóðskipulag: Íslendingar*, 2. útgáfa, 1935.
C.C. Christensen o.fl. *Atlas for mellemskolen og hojere skoler*, 1936.
Jón Jónsson. *Íslandssaga: Kennslubók handa börnum*, 1937.
Ármann Halldórsson. *Hagnýt barnasálfræði*, 1939.
Jóhann Sæmundsson. *Mannslíkamin og störf hans*, 1940.
Ágúst Sigurðsson. *Danskt-íslenskt orðasafn*, 1940.
J. Rumney. *Um mannfélagsfræði*, 1941.
Þórður Kristleifsson. *Viðar: Ársrit íslenskra héraðsskóla*, 1942.
Arnold.R. Taylor. *Vasa-orðabók*, 1945.
Bjarni Bragi Jónsson o.fl. *Skólablaðið*, gefið út af Menntaskólanum í Reykjavík, 1946.
Ólafur Briem. *Norræn goðafræði*, 1949.
Halldór Halldórsson o.fl. *Menntamál*, 1950.
Lotte Bernstein o.fl. *Menntamál*, 1950.
Stefán Jónsson o.fl. *Menntamál*, 1951.
Árni Þórðarson o.fl. *Lesbók handa unglingum*, II. hefti, 1952.

Askja 6

Prentað mál 1960-1983.

Bjarni Ólafsson. *Trésmíðavélar í grunnskólum*, 1983.
Karin Axeheim o.fl. *Þjálfunaráætlanir handa þroskaheftum*, 1976.
Norman E. Gronlund. *Gerð prófa*, 1970.
Guðbjartur Gunnarsson o.fl. *Menntamál*, 1965.
Gestur Þorgrímsson o.fl. *Menntamál*, 1965.
Helgi Elíasson o.fl. *XIX Nordiske skolemode i Reykjavík*, 1965.
Guðmundur Guðjónsson o.fl. *Menntamál*, 1964.
Ásgeir Guðmundsson o.fl. *Menntamál*, 1963.
Adolf Guðmundsson o.fl. *Menntamál*. 1963.
Miðbæjarskóli, bæklingur, 1962.
Ísleifur Árnason. *Íslenzkur verzlunarréttur*, 1962.
Árni Guðnason. *Verkefni í enska stíla 1*, 1960.
Menntamálaráðuneytið. *Námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskuldaldri*, 1960.
Haraldur Magnússon o.fl. *Danskt-íslenskt orðasafn*. 1960.

Askja 7

Ljósmyndir og filmur 1987-1997.

Ljósmyndafilmur, án árs.
Ljósmyndir, byggingar, án árs.
Ljósmynd, jólaskemmtun, án árs.
Ljósmynd, málsmíði, 1987.
Ljósmyndir, Kofasmíði, líklega frá árinu 1994.
Ljósmyndir, innanstokksmunir á veitingastað, 1994.
Ljósmyndir, byggingar í Reykjavík, 1994-1997.
Ljósmyndir, að mestu hús bæði innan og utan, 1994, 1999 og án árs.

Ljósmyndir, hús, bæði innan og utan, 1994, 2000 og án árs.

Ljósmyndir, hús í Reykjavík, 1995, 2000 og án árs.

Ljósmyndir, kirkjur, bæði innan og utan, 1997.

Ljósmyndir, verslanir við Laugarveg, 1997.

Skráð í desember 2011

BÍH